



HRUNAMANNAHREPPUR

7. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 13. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. DESEMBER 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 4. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, fundargerð oddvitafundar Laugaráslæknishéraðs frá 20. nóvember. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús.
2. Fjárhagsáætlun 2015-2018. (Seinni umræða)
3. Erindi til sveitarstjórnar. Stefán Arngrímsson.
4. Verkun og förgun seyru. Samstarfs- og afnotasamningur.
5. Aðalskipulag Hrunamannahrepps. Fundargerð vinnufundar dags. 12. nóvember s.l. og drög að lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulagsins.
6. Heilsuþorp á Flúðum.
7. Héraðssamband Skarphéðins: 93. Héraðsþing HSK.
8. Héraðsnefnd Árneseinga: Tillaga starfshóps Héraðsnefndar Árneseinga um leiðir til fjölgunar hjúkrunarrýma.
9. Motus: Yfirlit.
10. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp til breytinga á vegalögum.
11. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunarlaganna um endurskoðun laga um lögheimili.
12. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu.
13. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs.
14. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll.
15. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.
16. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.
17. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.
18. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu og mannréttindi barna.
19. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku o.fl.
20. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar.
21. Snorraverkefnið: Beiðni um styrk.
22. Reglugerð um kjör íþróttamanns Hrunamannahrepps.
23. Námsmatsstofnun: Ytra mat á leikskólum.
24. Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað vegna tilboðs Loftmynda.
25. Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið: Fjallskilasamþykkt Árneseyslu austan vatna.
26. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

27. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar frá 24. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

28. Fundargerð 80. fundar skipulagsnefndar frá 20. nóvember s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. til 19. nóvember s.l.
Mál nr. 1: Dalabyggð 7. Fyrirspurn.
Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 7: Skipholt 1,2 og 3. Makaskipti.
Mál nr. 16: Gata lnr. 166750. Deiliskipulagsbreyting.
29. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 6.nóvember s.l.
30. Fundargerð 81. fundar skipulagsnefndar frá 4. desember s.l.
-liggur frammi á fundinum-
31. NOS: Fundargerð 3. fundar frá 27. október s.l.
32. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 7. fundar frá 18. nóvember s.l.
33. Ferðamálaráð Uppsveitanna: Fundargerð 1. fundar frá 25.nóvember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands bs: Aðalfundargerð frá 22. október s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 235. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.
- c. Almannaþing Árnassýslu: Fundargerð 19. fundar Almannaþingarnefndar frá 6.október s.l.
- d. Almannaþing Árnassýslu: Fundargerð 20. fundar Almannaþingarnefndar frá 16. október s.l.
- e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 21-22. október s.l.
- f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 160. fundar stjórnar frá 14. nóvember s.l.
- g. Fagráð Tónlistarskóla Árneshvíls. Fundargerð 169. fundar fagráðs frá 26. nóvember s.l.
- h. Þjónustuvæði um málefni fatlaðra á Suðurlandi: Fundargerð 9. Fundar stjórnar frá 15. október s.l.
- i. Þjónustuvæði um málefni fatlaðra á Suðurlandi: Fundargerð haustfundar frá 22. október s.l.
- j. SASS: Fundargerð 484. fundar stjórnar frá 23. september. s.l
- k. SASS: Fundargerð 486. fundar stjórnar frá 20. október s.l
- l. SASS: Fundargerð 487. fundar stjórnar frá 14. nóvember s.l
- m. SASS: Aðalfundargerð frá 21.og 22. október s.l.
- n. Samstarfssamningur SASS og NMÍ.

Kynningarmál:

- o. Rafræn skilríki.
- p. Aðgengi að Gullfossi.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 821. fundar stjórnar frá 31. október s.l.
- r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 822. fundar stjórnar frá 21. nóvember s.l.
- s. Virkjum hæfileikana.
- t. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.
- u. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður vegna nýbúa.
- v. Póst og fjarskiptastofnun: Leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglugerð EES.
- w. Samband íslenskra Sveitarfélaga: Stefnumörkun 2014-2018.
- x. Samtök orkusveitarfélaga: Aðalfundargerð frá 10.október s.l.

Skýrslur á skrifstofu:

- y. Landsnet: Kerfisáætlun 2014-2023.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

- Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús á árinu 2015. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. janúar 2015.
- Fjárhagsáætlun 2015-2018. (Seinni umræða)**
Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2015-2018 milli 1. og 2. umræðu. Jafnframt voru lögð fram minnisblöð vegna fjárfestingaáætlunar 2015 og breytingar á launakostnaði milli ára. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2015 sem snerta bæði tekju- og gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en

þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Ljóst er að áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði verði minni en fyrstu upplýsingar bentu til en að hluta til koma meiri tekjur vegna fasteignagjalda. Þá er lagt til að dregin verði til baka tillaga um hækkun á leikskólagjöldum um 2,8% auk fleirri atriða sem leiða til minni háttar breytinga.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2015 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 14.484.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 24.378.000.

Veltufé frá rekstri kr. 79.178.000.

Heildareignir A. hluta kr. 1.069.323.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.178.463.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 534.156.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 743.192.000.

Eigið fé A hluta kr. 535.167.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 435.271.000.

Skuldahlutfall 91% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 97,7 millj. í áætluninni, þar af kr. 1,7 millj. í gatnagerð, kr. 93 millj. vegna stækkunar ípróttahúss og kr. 3,0 millj. vegna endurnýjunar bifreiðar í áhaldahúsi. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 12 millj., í vatnsveitu 5 millj. og í hitaveitu 7 millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 93 millj. vegna ípróttahúss og 12 millj. vegna fráveituframkvæmda. Klárað verður að leggja bundið slitlag á Högnastíg auk þess sem lagnir verða endurnýjaðar í götunni og þá verður Vesturbrún kláruð. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykka frá 6. fundi sveitarstjórnar þann 6. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2016-2018 en þar hefur orðið minni háttar breyting til hækkunar þannig að gert er ráð fyrir aukinni fjárfestingu árið 2016 vegna ípróttavallar við ípróttahús. Að öðru leyti hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 6. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2016. Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2015-2018 samhljóða.

3. **Erindi til sveitarstjórnar. Stefán Arngrímsson.**

Oddviti kynnti erindi frá Stefáni Arngrímssyni húsverði og umsjónarmanni fasteigna þar sem hann óskar eftir að fá að gegna núverandi starfi þrátt fyrir að hafa náð sjötugsaldri á árinu. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja ráðningarsamning Stefáns út árið 2015.

4. **Verkun og förgun seyru. Samstarfs- og afnotasamningur.**

Oddviti kynnti samstarfs- og afnotasamning vegna verkunar og förgunar á seyru. Samningurinn gerir ráð fyrir að sveitarfélögin í Uppsveitum Arnessýslu og Flóahreppi standi sameiginlega að fjárfestingu og rekstri vegna verkunar og nýtingar seyru til landgræðslu og landbóta. Vinnslan yrði staðsett við gámasvæðið á Flúðum skv. sérstökum afnotasamningi. Sveitarstjórn samþykkir samstarfs- og afnotasamninginn og felur oddvita/sveitarstjóra að undirrita þá.

5. **Aðalskipulag Hrunamannahrepps. Fundargerð vinnufundar dags. 12. nóvember s.l. og drög að lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulagsins.**

Oddviti kynnti fundargerð vinnufundar vegna endurskoðunar aðalskipulagsins og drög að lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulagsins sem unnin er af Steinsholti sf sem eru skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins í verkefninu.

6. **Heilsuþorp á Flúðum.**

Oddviti kynnti málið. Forsvarmenn Heilsuþorpsins á Flúðum ehf hafa leitað eftir því að yfirlýsing sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 12. ágúst 2009 verði framlengd. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja yfirlýsinguna efnislega út árið 2015 gagnvart Heilsuþorpinu á Flúðum ehf.

7. **Héraðssamband Skarphéðins: 93. Héraðsþing HSK.**

Oddviti kynnti beiðni frá Héraðssambandinu um að útvega húsnaði og bjóða þingfulltrúum í mat vegna héraðsþings HSK sem haldið verður á Flúðum næsta ár. Sveitarstjórn samþykkir að bjóða fram Félagsheimilið til þinghaldsins og bjóða þingfulltrúum í mat af því tilefni.

8. **Héraðsnefnd Árneseinga: Tillaga starfshóps Héraðsnefndar Árneseinga um leiðir til fjölgunar hjúkrunarrýma.**
Oddviti kynnti tillögu sem starfshópur á vegum Héraðsnefndar Árneseinga vann um leiðir til fjölgunar hjúkrunarrýma í Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir þær tillögur sem starfshópurinn lagði til um uppbyggingu hjúkrunarrýma.
9. **Motus: Yfirlit.**
Oddviti kynnti yfirlit frá Motus um greiðsluhraða útsendra reikninga hjá sveitarfélaginu.
10. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp til breytinga á vegalögum.**
Oddviti kynnti umsögn Sambandsins um frumvarp til breytinga á vegalögum.
11. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um lögheimili.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um lögheimili.
12. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu.
13. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs. Sveitarstjórn efast um tilgang stofnunar Hofsjökulsþjóðgarðs.
14. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll. Sveitarstjórn fagnar uppbyggingu flugvalla á landsbyggðinni og að auka nýtingarmöguleika þeirra.
15. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll. Sveitarstjórn fagnar uppbyggingu flugvalla á landsbyggðinni og að auka nýtingarmöguleika þeirra.
16. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þar er lagt til að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaganna verði afnumið. Sveitarstjórn lýsir andstöðu sinni við þessa breytingu og telur að með henni geti orðið til sveitarfélög sem verði skattparadísir á grundvelli tekna þeirra vegna annarra og sérstakra þátta. Slíkt geti orðið til þess að t.d. fámenn sveitarfélög sem bjóða upp á litla uppbyggingu eða þjónustu en eru háð nágrannasveitarfélögum um slíkt geti samt boðið íbúum sínum skattafríðindi sem önnur sveitarfélög geti engan vegin keppt við. Sveitarstjórn telur að slíkar skattaparadísir gangi gegn réttlætiskennd Íslendinga.
17. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum. Sveitarstjórn sér ekki hvaða tilgangi kaupin þjóna.
18. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu og mannréttindi barna.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu og mannréttindum barna. Sveitarstjórn styður þessa tillögu.
19. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku o.fl.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku o.fl.
20. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar.

21. **Snorraverkefnið: Beiðni um styrk.**
Oddviti kynnti umsókn frá Snorraverkefninu um styrk vegna verkefna næsta árs. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
22. **Reglugerð um kjör íþróttamanns Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti endurskoðaða reglugerð um kjör íþróttamanns Hrunamannahrepps. Þá er lögð fram með reglugerðinni greinargerð og vinnureglur vegna hennar. Sveitarstjórn samþykkir reglugerðina sem tekur þá gildi frá og með árinu 2014.
23. **Námsmatsstofnun: Ytra mat á leikskólum.**
Oddviti kynnti erindi frá Námsmatsstofnun þar sem óskað er eftir umsóknum um ytra mat á leikskólum á árinu 2015. Sveitarstjórn samþykkir að sækja um til Námsmatsstofnunar að ytra mat fari fram á Leikskólanum Undralandi á árinu 2015. Sveitarstjóra, formanni skólanefndar og leikskólastjóra er falið að ganga frá umsókninni.
24. **Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað vegna tilboðs Loftmynda.**
Oddviti kynnti minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita vegna tilboðs Loftmynda vegna rotþróarupplýsinga o.fl. Sveitarstjórn samþykkir að Hrunamannahreppur taki þátt í og kosti nauðsynlegar breytingar á sínum upplýsingarkerfum til að geta unnið með slíkar upplýsingar með beinum hætti.
25. **Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið: Fjallskilasamþykkt Árnassýslu austan vatna.**
Oddviti kynnti bréf frá Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu vegna beiðni um staðfestingu á breytingu á fjallskilasamþykkt Árnassýslu. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Landbúnaðarnefnd.
26. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 8. janúar nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

27. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar frá 24. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir landbótaáætlun 2015-2020 og tekin fyrir breyting á aðalskipulagi sem kveður á um að gert sé ráð fyrir gistiskála í Efri-Kistubotnum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og landbótaáætlun fyrir Hrunamannafrétt 2015-2020 og felur sveitarstjóra að staðfesta hana fyrir hönd Hrunamannahrepps.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

28. **Fundargerð 80. fundar skipulagsnefndar frá 20. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. til 19. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 80. fundar skipulagsnefndar frá 20. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. nóvember til 19. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
- Mál nr. 1: Dalabyggð 7. Fyrirspurn.**
Lögð var fram ný beiðni eiganda Dalabyggðar 7 þar sem óskað er eftir heimild til að stækka sumarbústaðinn á lóðinni þannig að húsið verði á þann veg að það verði minnst 9,1 m frá lóðamörkum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsnefndar að um óverulegt frávík sé að ræða og að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og að málinu sé vísað til byggingarfulltrúa til afgreiðslu.
- Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember til 19. nóvember.
- Mál nr. 7: Skipholt 1,2 og 3. Makaskipti.**
Lögð voru fram tvö lóðablöð yfir spildur annars vegar Skipholts 1 og hins vegar úr óskiptu landi Skipholts 2 og 3 en fyrirhuguð eru makaskipti á þessum tveim spildum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsnefndar um að stofna lóðirnar með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeiganda á hnitsetningu landamerkja og samþykki vegagerðarinnar vegna aðkomu að spildu úr landi Skipholts 1.

Mál nr. 16: Gata Inr. 166750. Deiliskipulagsbreyting.

Á fundi skipulagsnefndar var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Götu Inr. 166750 sem felst í að byggingarreitur fyrir stækkun gróðurhúss, merktur B-1, stækkar og nær umhverfis allt núverandi gróðurhús. Í bókun nefndarinnar kom ranglega fram að breytingin geri ráð fyrir um 1.500 fm aukningu á byggingarmagni þar sem nýtt skipulag gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 3.000 fm til viðbótar við þær byggingar sem þegar hafa verið reistar, sem erum um 3.700 fm. Byggingarmagn á reitnum verður því samtals um 6.700 fm. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa breytinguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

29. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 6.nóvember s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 22. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Farið var yfir stöðu vegna fjárhag embættisins vegna ársins 2014 og fjárhagsáætlun 2015. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

30. Fundargerð 81. fundar skipulagsnefndar frá 4. desember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. til 19. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 81. fundar skipulagsnefndar frá 4. desember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. nóvember til 3. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 2: Ásgarður og Hveradalur í Kerlingarfjöllum. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Lögð var fram umsókn Fannborgar ehf um leyfi til efnistöku vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Ásgarði og Hveradölum í Kerlingarfjöllum. Jafnframt var óskað eftir því að við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins verði fjallað um efnistöku. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsnefndar um að fresta ákvörðun málsins þar til fyrir liggur umsögn Forsætisráðuneytsins og Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. nóvember til 3. desember.

Mál nr. 5: Syðra-Sel. Stofnun lóðar.

Lagt var fram lóðablað sem sýnir nýja 3,7 ha lóð út landi Syðra-Sels sem myndi heita Syðra-Sel 1. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsnefndar um að stofna lóðina og landskiptin með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeiganda á hnitsetningu sameiginlegra lóðamarka. Unnsteinn vék af fundi við afgreiðslu málsins.

31. NOS: Fundargerð 3. fundar frá 27. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 3. fundar NOS. Þar var kynnt starfssemi skólaþjónustunnar, farið yfir fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2015, rætt um stofnun byggðasamlags vegna Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og um boðun funda og útsendingu fundargagna. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og samþykkir fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls fyrir árið 2015.

32. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 7. fundar frá 18. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, kynning á skólaþjónustu Árneshvíls, kynning á samræmdu mati á þjónustuþörf aldraða, kynning á málþingi um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum og lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra.

33. Ferðamálaráð Uppsveitanna: Fundargerð 1. fundar frá 25.nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Ferðamálaráðs Uppsveita. Þar var fjallað um hlutverk ráðsins og fyrirhugaða umfjöllum sem sjónvarpsstöðin N4 hyggst gera en þættirnir myndu heita „fyrir sunnan“. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og lýst mjög vel á að gerðir verði kynningarþættir um sveitarfélögin.

Önnur mál:

34. **Fundargerð oddvitafundar Laugaráslæknishéraðs frá 20. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð oddvitafundar Laugaráslæknishéraðs frá 20. nóvember s.l. Fjallað var um markaðssetningu Uppsveita og tilboð N4 að gera sjónvarpsþætti um málefni sveitarfélaganna. Samþykkt var að styrkja þáttagerðina af eigin fé Laugaráslæknishéraðs og gert var ráð fyrir að Ferðamálaráð Uppsveita sjái um ráðstöfun fjármunanna sem er ætlað til markaðsmála. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og fagnar því að lagður verði aukinn þungi í markaðssetningu sveitarfélaganna í Uppsveitum.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Sorpstöð Suðurlands bs: Aðalfundargerð frá 22. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 235. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Almannavarnir Árnassýslu: Fundargerð 19. fundar
Almannavarnarnefndar frá 6.október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Almannavarnir Árnassýslu: Fundargerð 20. fundar
Almannavarnarnefndar frá 16. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 21-22. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 160. fundar stjórnar frá 14. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Fagråd Tónlistarskóla Árneseinga. Fundargerð 169. fundar fagráðs frá 26. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Suðurlandi: Fundargerð 9. Fundar stjórnar frá 15. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Suðurlandi: Fundargerð haustfundar frá 22. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **SASS: Fundargerð 484. fundar stjórnar frá 23. september. s.l**
Lagt fram til kynningar.
- k. **SASS: Fundargerð 486. fundar stjórnar frá 20. október s.l**
Lagt fram til kynningar.
- l. **SASS: Fundargerð 487. fundar stjórnar frá 14. nóvember s.l**
Lagt fram til kynningar.
- m. **SASS: Aðalfundargerð frá 21.og 22. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samstarfssamningur SASS og NMÍ.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- o. **Rafræn skilríki.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Aðgengi að Gullfossi.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 821. fundar stjórnar frá 31. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 822. fundar stjórnar frá 21. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Virkjum hæfileikana.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.**
Lagt fram til kynningar.

- u. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður vegna nýbúa.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Póst og fjarskiptastofnun: Leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES.**
Lagt fram til kynningar.
- w. **Samband íslenskra Sveitarfélaga: Stefnumörkun 2014-2018.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **Samtök orkusveitarfélaga: Aðalfundargerð frá 10.október s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- y. **Landsnet: Kerfisáætlun 2014-2023.**
Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:20.